

Aðalfundur foreldrafélagsins og foreldravöld í austurrými Vallaskóla 9. október 2018 kl. 19-21

Dagskrá

Aðalfundur foreldrafélagsins

- lagt er til að árgjaldið verði hækkað í 2.000 kr.

Kynning á starfi foreldrafélagsins, Samborg og forvarnaröltinu.

Kynningar frá yngsta-, mið-, og elsta stigi Vallaskóla.

Kynning frá félagsmiðstöðinni Zelsíus á starfinu þar.

Framkvæmdir við Vallaskóla skoðaðar.

Mjög góð mæting var á fundinn. Byrjað var á því að borða súpu í mötuneyti skólans.

Sandra Guðmundsdóttir formaður kynnti skýrslu stjórnar foreldrafélagsins (hún verður sett inn á heimasíðu skólans) og kynnti einnig starf foreldrafélagsins, Samborgar og forvarnaröltið. Inga Dóra Ragnarsdóttir sem hefur fengið sérverkefni innan skólans að halda utan um foreldrastarf var Söndru innan handar.

María Ágústsdóttir gjaldkeri fór yfir ársreikning foreldrafélagsins. Ársreikningurinn var samþykktur með meirihluta atkvæða. Á fundinum var samþykkt að hækka árgjaldið í 2.000 kr. á fjölskyldu.

Lilja Ósk Kristbjarnardóttir, Margrét Elín Ólafsdóttir, Hildur Bjargmundsdóttir og Leifur Viðarsson kennarar á yngsta-, mið- og elsta stigi Vallaskóla kynntu ýmis verkefni sem verið er að vinna innan skólans.

Magnús Sigurjón frá félagsmiðstöðinni Zelsíus kynnti starf félagsmiðstöðvarinnar og Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson tómstunda- og forvarnarfulltrúi kynnti það sem er framundan í forvarnarmálum hjá Sveitarfélaginu.

Tveir foreldrar buðu sig fram í stjórn foreldrafélagsins, þær Elísa Björk Jónsdóttir og Erla Björk Tryggvadóttir.

Í lok fundar var áhugasömum boðið að skoða framkvæmdir sem hafa verið og eru enn við skólann.

Fundargerð ritaði Sandra Guðmundsdóttir